

Reykjavík 16.12.2016

## Kerfisáætlun 2016-2025 – Leiðrétting

Við yfirlestur á drögum að kerfisáætlun Landsnets 2016-2025 uppgötvaðist villa í útreikningum sem breytir niðurstöðu mats áhrifa valkosta á gjaldskrár dreifiveitna og stórnotenda. Villan snéri að meðhöndlun afskrifta í líkani sem stillt var upp til að meta áhrif eignastofns á tekjumörk, m.a. í þeim tilgangi að bera saman áhrif mismunandi sviðsmynda og valkosta á gjaldskrár. Áhrif villunar gætir annars vegar í kafla 1.7 sem fjallar um fjárfestingar í framkvæmdaáætlun og áhrif þeirra á eignastofn tekjumarkna og hins vegar í kafla 4.3.5 sem snýr að mati á áhrifum valkosta á gjaldskrár.

### Áhrif fjárfestinga á eignastofn tekjumarkna

Í kafla 1.7 er fjallað um fjárfestingar í framkvæmdaáætlun og hvernig þær ganga inn í eignastofn tekjumarkna. Þróun eignastofnins er birtur í töflu 1-3 ásamt áætluðum afskriftum og áætlaðs orkuflutnings. Villan kemur fram í töflunni sem birt er í drögum að kerfisáætlun og er því birt leiðrétt útgáfa að töflunni.


	2016	2017	2018	2019	2020
<b>Áætlaður eignastofn TM</b>					
Dreifiveitur	25.330	27.069	29.610	30.678	30.416
Stórnotendur	60.394	58.687	62.880	66.029	64.704
<b>Samtals</b>	<b>85.724</b>	<b>85.756</b>	<b>92.490</b>	<b>96.707</b>	<b>95.121</b>
<b>Áætlaðar afskriftir af eignastofni TM</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>
Dreifiveitur	1.291	1.335	1.389	1.454	1.455
Stórnotendur	2.626	2.313	2.410	2.431	2.443
<b>Samtals</b>	<b>3.916</b>	<b>3.649</b>	<b>3.799</b>	<b>3.885</b>	<b>3.898</b>
<b>Áætlaður orkuflutningur</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>
Dreifiveitur	3.454	3.541	3.592	3.634	3.681
Stórnotendur	14.485	14.704	15.084	15.114	15.144
<b>Samtals</b>	<b>17.939</b>	<b>18.245</b>	<b>18.676</b>	<b>18.748</b>	<b>18.826</b>
<b>Eignastofn TM / Orkuflutningur</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>
Dreifiveitur [ISK/GWH]	7.332.968	7.645.062	8.244.127	8.442.656	8.262.257
Stórnotendur [USD/GWH]	33.964	36.283	37.895	39.715	38.841
<b>Samtals [ISK/GWH]</b>	<b>4.778.627</b>	<b>4.700.214</b>	<b>4.952.291</b>	<b>5.158.219</b>	<b>5.052.661</b>

Tafla 1-3 (leiðrétt): Áætlun um þróun eignastofns tekjumarkna, afskrifta og orkuflutnings

Taflan sýnir áætlaðar breytingar á eignastofni tekjumarkna fyrir næstu fimm ár ásamt afskriftum. Einnig sýnir hún breytingar á áætluðum orkuflutningi samkvæmt raforkuspá og þróun eignastofns tekjumarkna sem hlutfall af orkuflutningi.



Í sama kafla er einnig birt mynd sem sýnir fjárfestingar í flutningskerfinu á fimm ára tímabili í milljónum króna, ásamt gröfum sem sýna þróun vísitölu eignastofns tekjumarka sem fall af orkuflutningi. Eftir leiðréttingu breytist myndin nokkuð.



Tafla 1-4 (leiðrétt) : Eignastofn tekjumarka sem hlutfall af orkuflutningi

### Áhrif valkosta á gjaldskrá

Í drögum að kerfisáætlun 2016-2025 er fjallað um mat á áhrifum valkosta á gjaldskrár. Tilgangur matsins var að koma til móts við aðila sem óskuðu eftir að þessar upplýsingar væru birtar í kerfisáætlun. Líta má á þessar upplýsingar sem fyrstu tilraun til að birta í kerfisáætlun áhrif styrkinga á flutningskerfinu á gjaldskrár Landsnets og er nú þegar ljóst að þróa verður aðferðina frekar. Horfa verður á niðurstöður matsins í því ljósi að horft er til ákveðinna sviðsmynda varðandi nýtingu á kerfinu og eina tiltekna tímalínu framkvæmda, þó í henni felist nokkrir valkostir um útfærslu.

Við matið var stillt upp líkani sem tekur meðal annars tillit til áhrifa af fjárfestingum á eignastofn. Líkanið gengur út á að áætla tekjumörk út frá grunnstærðum og stilla svo gjaldskrá af þannig að tekjur félagsins verði í takt við reiknuð tekjumörk, að teknu tilliti til uppsafnaðra van- eða oftekinna tekna. Þær grunnstærðir sem þarf að áætla eru meðal annars fjárfestingar og afskriftir þeirra, þróun á gengi dollara gagnvart krónu, breytingar á ávöxtunarkröfu skuldabréfa á íslenskum og bandarískum verðbréfamarkaði auk þróunnar um orkunotkun hjá viðskiptavinum Landsnets. Ljóst er að mikil óvissa er innbyggð í líkan sem byggir á svona mörgum forsendum en Landsnet mun þó halda áfram að þróa það til að auka upplýsingaflæði til viðskiptavina og hagsmunaaðila. Það er þó nauðsynlegt að ítreka það að eingöngu er um spá að ræða sem byggir á gefnum forsendum, niðurstöður líkansins má hvorki túlka sem áætlun eða markmið um gjaldskrárbreytingar Landsnets.

Einnig skal tekið fram að eins og áður er það markmið Landsnets að framkvæmdahraða sé hagað þannig að fjárfestingar í flutningskerfinu hafi ekki óeðlileg áhrif á gjaldskrár til hækkunar. Því mun endanleg tímasetning framkvæmda taka mið af því.



Í kafla 4.3.5 á bls. 66 til 67 í drögum að kerfisáætlun voru birtar töflur sem sýna niðurstöður þessa mats fyrir alla framlagða valkosti og þrjár ólíkar sviðsmyndir um nýtingu kerfisins.

<i>Stöðug þróun</i>	A.1	A.1-DC	A.1-J <sub>50</sub>	A.2	B.1	B.2	B.3	B.4
Lokagildi vísitölu gjaldskrár og stuðull fyrir uppsöfnuð áhrif fyrir dreifiveitur	88	102	91	90	103	80	102	102
	40	77	57	46	72	-10	70	59
Lokagildi vísitölu gjaldskrár og stuðull fyrir uppsöfnuð áhrif fyrir stórnótendur	129	150	133	132	152	115	150	148
	335	389	363	343	381	253	378	357

Tafla 4-24 (leiðrétt): Áhrif valkosta á gjaldskrá ef sviðsmyndin *Stöðug þróun* gengur eftir

Skv. nýjum útreikningum hafa áætluð áhrif á gjaldskrár breyst frá áður kynntum niðurstöðum. Fyrir sviðsmyndina *Stöðug þróun* var áður birt að lokagildi gjaldskrár vísitölu fyrir dreifiveitur væri 88 til 97 á föstu verðlagi. Nýjir útreikningar sýna hins vegar að lokagildið er frá 80 til 103. Fyrir stórnótendur voru áður birt lokagildi frá 120 til 133 en leiðrétt gildi eru frá 115 og að 152. Jafnframt hafa stuðlar um uppsöfnuð áhrif breyst frá því sem birt var í drögum að kerfisáætlun, en þetta þarf að skoða í samhengi. Það er því ljóst að ef sú notkunaraukning á kerfinu sem lýst er í sviðsmyndinni *Stöðug þróun* gengur eftir er ekki mögulegt að byggja kerfið upp á þeim hraða sem lýst er í mögulegri tímalínu framkvæmda á bls. 132 í drögum að kerfisáætlun, án þess að fórna markmiðum um hóflegar hækkunar á gjaldskrá Landsnets.

Fyrir sviðsmyndina *Aukin eftirspurn* er um svipaða leiðréttingu að ræða.

<i>Aukin eftirspurn</i>	A.1	A.1-DC	A.1-J <sub>50</sub>	A.2	B.1	B.2	B.3	B.4
Lokagildi vísitölu gjaldskrár og stuðull fyrir uppsöfnuð áhrif fyrir dreifiveitur	71	85	74	73	86	71	85	84
	-66	-30	-50	-60	-35	-78	-37	-48
Lokagildi vísitölu gjaldskrár og stuðull fyrir uppsöfnuð áhrif fyrir stórnótendur	111	132	115	114	134	109	132	131
	148	202	175	156	194	125	191	172

Tafla 4-25 (leiðrétt): Áhrif valkosta á gjaldskrá ef sviðsmyndin *Aukin eftirspurn* gengur eftir

Fyrir dreifiveitur var áður birt lokagildi gjaldskrárvísitölu frá 72 til 80. Leiðrétt gildi eru hins vegar frá 71 til 86. Hvað varðar stórnótendur eru leiðrétt gildi vísitölnnar frá 109 og upp í 134, en áður voru birt gildi frá 110 til 125.

Það sama gildir fyrir þessa sviðsmynd og þá fyrri. Hækkun á gjaldskrárvísitölu stórnótenda bendir til þess að seinka þurfi einhverjum þeirra framkvæmda sem tilheyra framlögðum valkostum í þeim tilgangi að ná markmiðum um stöðugar gjaldskrár.



Álagsþyngsta sviðsmyndin sem matið nær yfir er *Rafvætt samfélag*.

Áður birt lokagildi fyrir gjaldskrárvísitölur voru frá 35 til 43 fyrir dreifiveitur og frá 107 til 121 fyrir stórnotendur.

<i>Rafvætt samfélag</i>	A.1	A.1-DC	A.1-J <sub>50</sub>	A.2	B.1	B.2	B.3	B.4
Lokagildi vísitölu gjaldskrár og stuðull fyrir uppsöfnuð áhrif fyrir dreifiveitur	31	45	33	33	46	31	46	45
Lokagildi vísitölu gjaldskrár og stuðull fyrir uppsöfnuð áhrif fyrir stórnotendur	-292	-252	-277	-285	-256	-302	-258	-267
	106	127	110	109	128	104	126	125
	131	183	158	139	175	108	171	152

Tafla 4-26 (leiðrétt) : Áhrif valkosta á gjaldskrá ef sviðsmyndin *Rafvætt samfélag* gengur eftir

Leiðrétt gildi eru hins vegar frá 31 til 46 fyrir dreifiveitur og frá 104 og upp í 128 fyrir stórnotendur, ásamt því að stuðlar fyrir uppsöfnuð áhrif hafa breyst. Niðurstöður fyrir *Rafvætt samfélag* benda því einnig til að möguleg tímalína framkvæmda sé of knöpp m.v. það álag sem fylgir sviðsmyndum, ef litið er til dýrustu valkostana.